

Mál nr. 230/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs og skaðsemisábyrgðartrygging.

Nafn vátryggingartaka: (X1) og (X2)

Skaðabótaábyrgð. Skaðsemisábyrgð. Ágalli. Sönnun. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25. júní 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V1, dags. 21. nóvember 2025.
3. Athugasemdir V2, dags. 9. júlí 2025, ásamt fylgiskjali.
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 24. nóvember 2025.
5. Viðbótarathugasemdir V2, dags. 26. nóvember 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst þannig að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X1 9. júní 2023. Er á því byggt að í umrætt sinn hafi M verið að lyfta bretti með lyftara en þegar brettið hafi verið komið í ákveðna hæð hafi lyftarinn misst jafnvægið með þeim afleiðingum að hann hafi dottið á hliðina og gaffall lyftarans farið í vinstri síðu M. Við það hafi M orðið fyrir líkamstjóni, þ.e. áverka á öxl og upphandlegg. Hafi hann orðið óvinnufær í kjölfarið. M telur að vinnuveitandi hans, X1, og/eða sölu- og dreifingaraðili lyftarans, X2, beri skaðabótaábyrgð á tjóninu enda verði slysið rakið til athafnaleysis þeirra. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M m.a. á eftirfarandi. Hvað varðar skaðabótaábyrgð X1 þá byggir M á því að aðstæður á vinnustað hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli 13., 37, og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum auk 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja og 3. og 4. gr. reglna nr. 492/1987 um öryggisbúnað véla. Með vísan í framangreint telur M að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað og athafnaleysis vinnuveitanda sem X1 beri skaðabótaábyrgð á. Vísar M einnig í tilgreina dóma Hæstaréttar máli sínu til frekari stuðnings. Auk framangreinds telur M að X2 beri einnig skaðabótaábyrgð á tjóninu á grundvelli 5. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð, enda verði tjónið rakið til ágalla í vöru. Telur M að gögn málsins sýni að umræddur lyftari hafi verið haldinn ágalla í skilningi framangreinds ákvæðis sem eigi að leiða til þess að X2 sem seljandi lyftarans sé skaðabótaskyldur gagnvart M. Í niðurlagi málskotsins bendir M á að ljóst sé að ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem notuðu lyftarann, hvort sem þar hafi verið um að kenna sök vinnuveitanda M, þ.e. X1, sem notaði lyftarann til verksins eða sök seljanda, þ.e. X2, vegna þess hvernig lyftarinn var boðinn og kynntur. Telur M sig því eiga bótarétt bæði úr ábyrgðartryggingu X1 hjá V1, og úr skaðsemisábyrgðartryggingu X2 hjá V2. Vegna framangreinds er einnig á því byggt í bréfi M til V1, dags. 6. mars 2025, að X1 hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlitsins samanber 79. – 81. gr. framangreindra laga nr. 46/1980. Það hafi leitt til þess að slysið var ekki rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins. Telur M að sú vanræksla eigi að leiða til þess að X1 verði látinn bera halla af skorti á upplýsingum um atriði sem hafa áhrif á sakarmat, samanber margítrekaða dómaframkvæmd Hæstaréttar. Vísar M í Hrd. frá 5. febrúar 2009 í máli nr. 272/2008 í því sambandi. M telur því að leggja beri frásögn sína um málsatvik til grundvallar í málinu.

Í athugasemdum frá V1, dags. 21. nóvember 2025, er skaðabótaábyrgð X1 hafnað. Tekur V1 m.a. fram að samkvæmt upplýsingum frá X1 hafi fyrirtækið keypt lyftarann af X2 með þeim formerkjum að lyftihæð hans í metrum talið væri meiri en raunin var. Hafi starfsmaður X2 komið á starfsstöð X1 til að sýna getu lyftarans auk þess að fara yfir búnaðinn. Hafi sá aðili einnig staðfest að lyftarinn væri gerður fyrir það verk og þær aðstæður sem X1 óskaði eftir. V1 telur því að X1 hafi ekki haft ástæðu til að ætla annað en að lyftarinn væri öruggur og að hægt væri að nota hann í umrætt verk. Eftir slys M hafi strax verið brugðist við og búnaðurinn tekinn úr umferð, enda leggi X1 sig fram um að gæta fyllsta öryggis og tryggja að aðbúnaður á vinnustað sé góður. V mótmaelir því einnig að þau gögn sem hafa verið lögð fram af hálfu V2 sýni fram á að umræddur lyftari hafi ekki verið haldinn ágalla í skilningi laga um skaðsemisábyrgð. Bendir V m.a. á í því sambandi að þegar horft væri á það hvernig lyftarinn var kynntur og seldur hafi starfmenn X1 mátt treyst því að hann hentaði til þess verks sem átti að nota hann í, þ.e. að sækja vörur í vöruheimslu X1. Í tengslum við þetta bendir V1 einnig á að samkvæmt þeirri töflu sem V2 hefur lagt fram um lyftigetun lyftarans sé ekki hægt að álykta á annan veg en að lyftigetun sé 4 m miðið við 300 kg. Telur V1 að þær upplýsingar séu ekki í samræmi við aðrar upplýsingar frá

framleiðanda lyftarans, þar sem tekið sé fram að hámarkslyftigetna sé 3,6 m en ekki 4 m. Þessu til viðbótar bendir V1 á að sá sem verður fyrir tjóni verði að bera það sjálfur nema hægt sé að rekja tjónið til saknæmrar og ólögmætar háttsemi tjónvalds. Hafnar V1 því alfarið að aðstæður hafi verið hættulegar og að slys M verði rakið til saknæmrar vanrækslu af hálfu X1. Þá bendir V1 á að óumdeilt sé að slysið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins nokkrum dögum eftir slysdag. Þá sé ekki gerður ágreiningur um tildrög slyssins, þ.e. að M hafi verið að lyfta bretti með búnaðinum (lyftaranum) sem síðan datt á hliðina. Telur V1 ekki að rannsókn Vinnueftirlitsins hefði verið til þess fallin að upplýsa frekar um atriði sem aðilar deila um. Það hafi því ekki áhrif á sönnunarfærslu þó ekki hafi verið tilkynnt um slysið í samræmi við 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Eftir sem áður beri M því sönnunarbyrðina fyrir því að tjón hans verði rakið til saknæmrar háttsemi X1.

Í athugasemdum frá V2, dags. 9. júlí 2025, er skaðsemisábyrgð X2 hafnað enda hafi lyftarinn ekki verið haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Í því sambandi bendir V2 m.a. á að samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda lyftarans sé hámarkslyftihæð hans 360 cm og hámarksburðargeta hans 1.200 kg. Það þýði þó ekki að lyftarinn geti lyft 1.200 kg upp í 360 cm hæð, þar sem burðargetan minnki eftir því sem lyftihæðin eykst. Vísar V1 til fyrirliggjandi töflu um lyftihæð og lyftigetna lyftarans þessu til stuðnings. Þá tekur V2 fram að M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni fram á að lyftarinn hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar voru né sýnt fram á að lyftarinn hafi verið boðinn eða kynntur á þann hátt að kaupandi hafi haft ástæðu til að ætla að hann hefði meiri lyftigetna en fram kom í framangreindum upplýsingum sem hafi legið fyrir við kaupin. Vísar V2 til Hrd. í máli nr. 384/2021 framangreindu til stuðnings. V2 telur því að M hafi ekki fært fram sönnur fyrir því að lyftarinn hafi verið haldinn ágalla í skilningi framangreindar 5. gr. laga um skaðsemisábyrgð. Því geti X2 ekki borið ábyrgð á tjóni M.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 24. nóvember 2025, er vísað til þess að V1 og V2 fyrir hönd X1 og X2, bendi hvort á annað í athugasemdum sínum í tengslum við ábyrgð sína gagnvart M. Því telur M ljóst að saknæm háttsemi sé til staðar hjá annað hvort bæði X1 og X2 eða öðru hvoru þeirra.

Í viðbótarathugasemdum V2, dags. 26. nóvember 2025, er því mótmælt að félagið hafi bent á að X1 bæri ábyrgð á tjóni M. V2 hafi einungis bent á að M hafi ekki tekist að sanna að lyftarinn hafi verið haldinn ágalla.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr að því hvort bæði X1 og X2 eða annað hvort þeirra beri skaðabótaábyrgð á slysi því sem M varð fyrir við vinnu sína 9. júní 2023. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Hvað varðar meinta skaðabótaábyrgð X1 þá eru hún eins og að framan greinir byggð á því að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustað og athafnaleysis vinnuveitanda.

Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Dómaframkvæmd bendir til þess að lítið sé svo á að atvinnurekandi sem ekki hefur réttilega tilkynnt slys samkvæmt framangreindu lagaákvæði skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik eða aðstæður á vinnustað, að því leyti sem þau eru óljós og aðila greinir á um þau. Ekki virðist ágreiningur um það að frá og með slysdegi var M óvinnufær. Þrátt fyrir þetta var slysið ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 21. júní 2023 sem rannsakaði því ekki slysið. Þó ekki virðist ágreiningur um það hvernig slysið í stórum dráttum atvikaðist, liggja t.d. ekki fyrir nánari upplýsingar um það hversu hátt verið var að lyfta í umrætt sinn eða hversu þungu var lyft. Af þessum upplýsingaskorti verður X1 að bera hallann þar ætla má að unnt hefði verið að sýna fram framangreint ef fullnægjandi rannsókn hefði farið fram í kjölfar slyssins. Vegna framangreinds bendir nefndin á að í tilkynningum um tjónið til V1, Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga og í málskoti er málsatvikum lýst með nokkuð sambærilegum hætti, þ.e. að M hafi verið að lyfta bretti með lyftara og að þegar brettið hafi verið komið í ákveðna hæð hafi lyftarinn misst jafnvægið og dottið á hliðina með þeim afleiðingum að framhluti lyftarans, gaffallinn, hafi lent í síðu M. Hvergi er minnst á tiltekna lyftihæð eða þyngd. Í þessu sambandi bendir nefndin á að í málatilbúnaði sínum hefur X1 byggt á því að vinnutilhögunin í umrætt sinn hafi verið í fullu samræmi við þær upplýsingar sem starfsmaður X2 hafi veitt m.a. um getu lyftarans. Því hafi X1 mátt treysta því að óhætt væri að nota lyftarann við umrætt verk. Því sé ekki fyrir að fara sök af hálfu X1. Hér telur nefndin í fyrsta lagi að gegn mótmælum V2 sé ósannað að starfsmaður X2 hafi við sölu og kynningu á lyftaranum m.a. upplýst

um að lyftihæð og lyftigeta hans væri önnur en sú sem fram kemur af framlögðum gögnum í málinu. Þegar horft er til þessa og þess sem að framan greinir um að X1 ber hallann af sönnunarskorti um lyftihæð og þyngd þess sem lyft var á slysdegi, telur nefndin að M hafi með fullnægjandi hætti sýnt fram á að notkun lyftarans í starfsemi X1, þar á meðal við það verk sem M vann í umrætt sinn, hafi ekki verið í samræmi við þær upplýsingar frá framleiðanda um eiginleika og getu lyftarans sem X1 hafi mátt vera kunnar. Af þessu leiðir að mati nefndarinnar að slys M verður rakið til vanbúnaðar og athafnaleysis á vinnustað, nokkuð sem felur í sér saknæma háttsemi sem X1 ber skaðabótaábyrgð á gagnvart M.

Hvað varðar meinta skaðabótaábyrgð X2 þá er hún byggð á því að umræddur lyftari hafi verið haldinn ágalla í skilningi 5. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemissábyrgð. Í því ákvæði segir orðrétt: „Vara telst haldin ágalla þegar hún er ekki svo örugg sem með réttu mátti vænta eftir öllum aðstæðum, einkum eftirfarandi: 1. Hvernig hún var boðin og kynnt. 2. Notkun þeirri sem með sanngirni mátti gera ráð fyrir. 3. Hvenær vöru var dreift. Vara telst eigi haldin ágalla þó að síðar komi betri vara á markað.“ Eins og að framan greinir telur nefndin það ósannað í málinu að X2 eða starfmaður þess hafi veitt aðrar upplýsingar um eiginleika lyftarans við kynningu og sölu hans, þar með um lyftihæð eða lyftigetu, en fram kemur í framlögðum gögnum í málinu. Þetta leiðir aftur til þess að mati nefndarinnar að M hefur ekki tekist að sanna að slys hans verði rakið til ágalla lyftarans í skilningi framangreinds ákvæðis í lögum um skaðsemissábyrgð. X2 er því ekki skaðabótaskyld gagnvart M.

Niðurstaða.

M á rétt til skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X1 hjá V en á ekki rétt til skaðabóta úr skaðsemissábyrgðartryggingu X2 hjá V2.

Reykjavík, 16. desember 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir